

Bstj. 2. mars 2010

Borgarstjórn Reykjavíkur 2. mars 2010

Forseti: Fundur er settur í Borgarstjórn Reykjavíkur þriðjudaginn 2. mars 2010, klukkan 14:02 og fyrir er tekið 1. mál á dagskrá, sem er þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða. Hæstvirtur borgarstjóri tekur til máls.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Hér liggur frammi þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar og eins og forseti nefndi, þá er sú áætlun miðuð við árin 2011-2013. Þriggja ára áætlun að þessu sinni byggir á grunni fjárhagsáætlunar ársins 2010 og fylgir því þeirri stefnumörkun sem þar er lögð um að standa áfram vörð um grunnþjónustu við borgarbúa og forgangsraða í þágu þess sem mestu skiptir í þágu barna, ungmenna og velferðar. Og þetta eru málefni sem við höfum oft rætt hér á þessum vettvangi og erum öll að sjálfsögðu sammála um.

Þriggja ára áætlun gerir hins vegar einnig, eins og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, ráð fyrir því að engir skattar verði hækkaðir í Reykjavík, hvorki útsvar né fasteignaskattar og að haldið verði uppi atvinnustigi eins og kostur er í höfuðborginni. Eins og borgarfulltrúar þekkja var mikil vinna lögð í vinnslu fjárhagsáætlunar 2010, bæði af hálfu kjörinna fulltrúa en ekki síst af hálfu starfsfólks Reykjavíkurborgar og embættismanna, sem hafa allt síðasta ár unnið að því að halda uppi 1. flokks þjónustu við borgarbúa og tekist á við ögrandi áskoranir á sama tíma vegna stöðugt lækkandi tekna.

En, forseti, í fyrirbyggjandi efnahagsspám, sem að hluta til er gert grein fyrir í þriggja ára áætlun að þessu sinni, er að sjálfsögðu og kemur fram mikil óvissa í öllum efnahagshorfum. Flest bendir til að íslenskur þjóðarbúskapur verði í mikilli lægð á næstu árum ef ekki kemur til nýrra aðgerða. Þannig gera síðustu spár Seðlabanka Íslands ráð fyrir að atvinnuleysi minnki því miður ekki á allra næstu árum. Og mikilvægt er auðvitað að sveitarstjórnir og ríkisstjórnin leggi fram áætlanir og við bíðum auðvitað eftir þeim áætlunum og spám um efnahags- og atvinnuþróun til næstu ára, sem hljóta að verða lagðar fram í tengslum við áform ríkisvaldsins um aðgerðir í efnahagsmálum. Það gefur því augaleið og verkefnið er það sama á þessum vettvangi, eins og alls staðar annars staðar hjá sveitarfélögum í kring og um allt land, að það er mjög erfitt við þessar aðstæður að setja fram forsendur fyrir þriggja ára áætlun sveitarfélaganna hvað varðar þróun atvinnutekna, skatttekna, fasteignagjalda, atvinnustyrks íbúa, þróunar og fleiri mikilvægra þátta. Þess vegna gerir Reykjavíkurborg líkt og önnur

sveitarfélög landsins ráð fyrir óbreyttum forsendum frá fjárhagsáætlun 2010 er varðar tekjuþróun og þróun annarra helstu hagstærða sem áhrif hafa á búskap borgarinnar. Ég hef hins vegar í framhaldi af nokkurri umræðu sem verið hefur um þetta á vettvangi borgarráðs falið fjármálaskrifstofu og borgarhagfræðingi að gera ýtarlegar sviðsmyndagreiningar, þegar áform og spár stjórnvalda liggja fyrir og verður það að sjálfsögðu kynnt á okkar vettvangi.

Forseti, borgarfulltrúar. Eins og ég hef sagt, þá byggir þetta frumvarp á þeim forsendum að skatttekjur og þjónustutekjur a-hluta borgarsjóðs verði óbreyttar á næstu þremur árum. Og eins og ég sagði í upphafi er ekki gert ráð fyrir hækkun skatta á tímabilinu, enda mat okkar sem að sitjum í núverandi meirihluta og sjálfsagt mat flestra, að almenningur eigi nóg með sitt við þessar aðstæður. Þá er einnig miðað við að rekstrarútgjöld fagsviðanna verði óbreytt næstu þrjú árin, þ.e.a.s. ef frá er talinn afleiddur rekstrarkostnaður vegna aukinna framkvæmda og hækkunar á innri leigu, sem þýðir jafn mikla hækkun tekna hjá eignasjóði, þannig að rekstraráhrif vegna innri leigu eru engin á a-hluta borgarsjóðs.

Frumvarpið miðar hins vegar við að nokkuð dragi úr framkvæmdum á tímabilinu 2011-2013 miðað við fjárhagsáætlun 2010. Gert er ráð fyrir að lánsfjár verði aflað vegna framkvæmda á tímabilinu, auknar framkvæmdir leiða til hækkunar á innri leigu hjá aðalsjóði, aukinna afskrifta hjá eignasjóði og aukins fjármagnskostnaðar. Nettóáhrif á a-hluta birtast í hækkandi afskriftum og auknum fjármagnskostnaði. Frumvarpið gerir ráð fyrir 250 milljón kr. hagnaði af sölu byggingarréttar árið 2011, 300 milljónum árið 2012 og 400 milljónum árið 2013. Þetta eru sannarlega ekki háar tölur, reyndar mjög lágar í samanburði við ýmis fyrri ár, en til samanburðar var sala á byggingarrétti 9,1 milljarður kr. árið 2007. Þannig að hér er farið mjög varlega, en við teljum að það sé vissara að gera það þannig heldur en vera að spá mikilli hækkun þarna, sem síðan reynist ekki innistaða fyrir.

Eins og borgarfulltrúar þekkja þá hefur verið skorað á ríki og sveitarfélög að fara í atvinnuskapandi framkvæmdir og hafa verkalyðsfélög sagst vera tilbúin að styðja við slíkt til dæmis með lánveitingum lífeyrissjóða og það er auðvitað lykilatriði til þess að hjól atvinnulífsins geti farið að snúast á nýjan leik af krafti, að eitthvað slíkt verði að veruleika. En þegar að Reykjavíkurborg vildi bregðast við þessu kalli nýverið og leitaði hófana um lánsfé frá lífeyrissjóðum til að fjármagna

framkvæmdir, þá reyndust því miður ávöxtunarkröfur lífeyrisjóðanna háar og hærri gagnvart borginni en ríkinu. Hávaxtastefnan er þar greinilega enn við völd og hún mun án efa hafa áhrif á getu borgarinnar og annarra sveitarfélaga til að bregðast við kalli verkalýðsfélaganna og íbúa í landinu. Og það var á sínum tíma og verður án efa áfram góð samstaða um það á vettvangi borgarstjórnar, hvoru megin við borðið sem við sitjum, að fara ekki í slíkar lántökur nema að kjörin séu þannig að Reykjavíkurborg og íbúar borgarinnar geti unað við það. Þannig að áfram höldum við þeirri vinnu og ég á von á því að fjármálastjóri muni á næsta eða þar næsta fundi borgarráðs kynna borgarráðsfulltrúum með hvaða hætti menn hyggjast halda á því.

En, forseti, borgarfulltrúar. Ef ég vík stuttlega að helstu tölulegum niðurstöðum hvers árs, þá er áætlað að rekstrarniðurstaða a-hluta borgarsjóðs verði jákvæð allt tímabilið. Áætlað er að eignir minnki um 400 milljónir kr. á tímabilinu, en skuldir og skuldbindingar minnki um 500 milljónir og eigið fé aukist um 100 milljónir. Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði rúmur 1,8 milljarður í lok tímabils og handbært fé í lok tímabils verði 14 milljarðar og aukist um 1,4 milljarða á tímabilinu. Lögð er mikil áhersla á að Reykjavíkurborg viðhaldi sterkri eiginfjárstöðu og hafi mikið handbært fé til að standa vörð um lánshæfi borgarsjóðs og ekki síður til að tryggja greiðsluhæfi hans vegna skuldbindinga samstæðunnar.

Rekstrarniðurstaða samstæðu a- og b-hluta er áætluð neikvæð árið 2011 um tæpan 1,5 milljarð kr., 1,2 milljarða árið 2012 og rúman 1 milljarð árið 2013. Hér má benda á að Orkuveita Reykjavíkur verður samkvæmt áætlun með jákvæða niðurstöðu allt tímabilið, en hún er burðarásin í b-hluta samstæðunnar. Áætlað er að eignir minnki um 1,4 milljarð á tímabilinu eins og nefnt var áðan, sem skýrist einkum af mismun á nýfjárfestingum og afskriftum. Áætlað er að skuldir minnki um 200 milljónir og eigið fé minnki um 1,2 milljarða. Áætlað er að handbært fé í lok tímabilsins verði 16,1 milljarður, sem er auðvitað mjög viðunandi staða fyrir sveitarfélagið Reykjavík og um leið afar mikilvæg staða vegna þess sem ég nefndi áðan, sem er það að til þess að við getum brugðist við þessu ástandi er nauðsynlegt talið fyrir okkur, og við höfum unnið þannig í mörg ár, að handbært fé sé ásættanlegt. Og síðan hefur það auðvitað að gera með fyrirtækin okkar að við getum gripið til aðgerða reynist það á einhverju stigi nauðsynlegt.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Í tengslum við það vil ég hér gera fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur að sérstöku umfjöllunarefni. Skuldir Orkuveitunnar í 9 mánaða uppgjöri 2009 voru um 231 milljarður kr. og höfðu aukist frá ársuppgjöri 2007 um 128 milljarða kr. Meginástæðu þessarar skuldaaukningar þekkjum við öll og er auðvitað gengishrun íslensku krónunnar. Erlendar skuldir jukust á tímabilinu um 121 milljarð og þar af voru erlendar lántökur að fjárhæð 45 milljarðar á gengi 30. september 2009. Vegna nýrra fjárfestinga og nýrra lána sem tekin voru á óhagstæðara gengi en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Þetta hefur auðvitað aukið umtalsvert greiðslubyrði Orkuveitunnar og haft neikvæð áhrif á eigið fé og arðsemi fjárfestinga.

Samkvæmt þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir að fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum minnki á tímabilinu, enda gert ráð fyrir að Hellsheiðarvirkjun ljúki á næsta ári. Eftir sem áður er fjármögnunarbörf fyrirtækisins vaxandi vegna hækkunar höfuðstóls lána, endurfjármögnunar og nýrra fjárfestinga. Fjárfestingaáætlanir Orkuveitunnar í virkjunum og dreifikerfi 2006 og 2007 gerðu eins og við öll hér þekkjum ráð fyrir miklum lántökum á tímabilinu 2008-2011. En þegar að halla tók undan fæti seinni hluta 2007 og 2008, það er að segja með aðgengi að lánsfé og síðan gengisfalli krónunnar, hafði Orkuveitan ekki náð að fjármagna framkvæmdaáætlanir sínar. Þetta leiddi meðal annars til þess að fyrirtækið þurfti að taka skammtíma lán á innlendum markaði til að fjármagna langtíma framkvæmdir á lakari kjörum en gert hafði verið ráð fyrir, eins og ég nefndi áðan.

Það er hins vegar svo eins og við öll þekkjum að vandi Orkuveitu Reykjavíkur varðandi aðgengi að erlendu lánsfé er ekki einstakur og staða Orkuveitunnar að mjög mörgu leyti hvað þetta varðar mun sterkari en annarra fyrirtækja og segir í raun og veru mikla sögu um þetta fyrirtæki, hvernig það hefur þó komist í gegnum þá tíma sem við nú lifum. Flest öll fyrirtæki jafnt á Íslandi sem og annars staðar glíma við sambærilegan vanda. Og ljósi punkturinn í öllu þessu máli er tengist Orkuveitu Reykjavíkur er auðvitað sterk staða fyrirtækisins, þær auðlindir sem fyrirtækið býr yfir og síðan er ljósi punkturinn í málinu einnig sá, að lánasamningur Orkuveitu Reykjavíkur við Evrópska fjárfestingabankann, frá honum var gengið skömmu fyrir áramót, en það tryggir um helming fjármögnunar

Hellisheiðarvirkjunar. Og fyrir liggur einnig að alþjóðlegar lánastofnanir hafa áhuga á að koma að fjármögnun verkefna Orkuveitu Reykjavíkur, þar að segja ef deilur um skuldaskil íslensku bankanna yrðu leistar sem við hljótum að vona að fari að takast.

Skuldastaða Orkuveitu Reykjavíkur skapar hins vegar eins og öllum má ljóst vera ákveðna áhættu fyrir a-hluta borgarsjóðs og það væri ábyrgðarleysi af okkar hálfu að horfast ekki í augu við það og takast á við það verkefni af ábyrgð og festu. Og eins og við höfum rætt hér á vettvangi borgarstjórnar og rætt á vettvangi borgarráðs og í aðgerðarhópi borgarráðs, þá höfum við þegar falið fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar að framkvæma áhættumat á Orkuveitunni og fylgjast að auki reglubundið með þróun rekstrargreiðslu og lánamála fyrirtækisins. Þessi vinna er auðvitað talsvert umfangsmikil og hefur staðið yfir nú í nokkrar vikur og gengur vel. Og það er ljóst að tryggja verður að fyrir liggja nákvæmar fjármögnunar- og greiðsluáætlanir Orkuveitunnar til skemmri og meðallangs tíma sem eru stöðugt uppfærðar.

Fjármálaskrifstofa og yfirstjórn Orkuveitunnar hafa staðið að þessu og eiga gott samstarf, eiga reglubundna fundi til að fara yfir ofangreind atriði og fyrir liggja nú drög að áhættumatsáætlun og greiningar á helstu áhættum sem varða lausafjárahættu borgarsjóðs vegna Orkuveitunnar. Og sé litið yfir helstu niðurstöður þess fyrir utan það að það er ljóst að með þessari þróun þarf að fylgjast skýrt og mjög ákveðið á næstu misserum og auk þess sem að þarf að liggja fyrir nákvæm áætlun um það hvernig Orkuveitan hyggst standa að sínum málum, þá er það mat fjármálaskrifstofu að a-hluti borgarsjóðs verði að hafa að lágmarki 10-12 milljarða í handbært fé vegna lausafjárahættunnar. Þannig að það er alveg ljóst að a-hluti borgarsjóðs verður að standa þannig að málum að geta haft slíkt handbært fé til þess að vera sá bakhjarl Orkuveitunnar sem við þurfum að vera.

Og samkvæmt þriggja ára áætlun þá gerum við eins og ég hef greint hér frá ráð fyrir að hafa nægilegt handbært fé til að mæta þessari áhættu. Og eins og ég sagði áðan þá er miðað við að í lok þessa tímabils verði handbært fé 16,1 milljarður, þannig að við erum að miða allar okkar áætlanir við að geta staðið vörð um þetta

stóra og sterka fyrirtæki sem að sjálfsögðu mun komast öflugt og vel frá þessu öllu saman.

En í ljósi erfiðleika við lánsfjáröflun á tímabilinu, bæði vegna framkvæmda fyrir 26 milljarða og endurfjármögnunar fyrir 40 milljarða er ljóst að Orkuveitan verður á næstu árum að forgangsraða framkvæmdum í samræmi við tekjur, sköpun og arðsemi þeirra. Það hlýtur að vera algjört forgangsmál að ljúka Hellisheiðarvirkjun enda er gert ráð fyrir verulegu tekjustreymi í erlendum gjaldmiðlum vegna hennar þegar innan þessarar þriggja ára áætlunar. Meta verður í ljósi aðstæðna, meðal annars í ljósi þungrar endurfjármögnunar, hvort og þá hvaða fleiri framkvæmdir rúmist innan mögulegrar fjármögnunar. Í þessu sambandi er ástæða til að skoða til hlítar aðra fjármögnunar möguleika eins og verkefnafjármögnun sem hefur verið rædd, veit ég, á vettvangi stjórnar. Verkefnafjármögnun snýst fyrst og fremst um að laða að framkvæmdum fjárfesta sem fá greiðslur sínar tryggðar í væntanlegu tekjustreymi af virkjunum. Fjármögnun á slíkum forsendum getur reynst mun hagkvæmari en hefðbundin fjármögnun við þessar aðstæður.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar grundvallast einnig á þeim vinnubrögðum sem öll borgarstjórn hefur innleitt við stjórn borgarinnar og þeirri sýn að varfærin fjármálastjórn sé lykilinn á því að standa vörð um Reykjavíkurborg og þá þjónustu sem íbúar svo sannarlega vænta af henni. Og ég ítreka enn og aftur þakkir til allra sem að þessum verkefnum hafa komið á undan förnum misserum, allra þeirra 15 aðila sem hér sitja og ég tala nú ekki um embættismenn okkar og starfsmenn. Og ég held að Reykvíkingar skynji og viti að hér hefur verið tekið á málum af festu, en það hefði ekki verið gert nema vegna þess að allir hafa haft aðkomu að því verkefni.

Ég rakti fyrir ári síðan, þegar að við ræddum sama hlut og við erum að ræða hér í dag, þriggja ára áætlun, atriði sem ég tel að þurfi að einkenna góða fjármálastjórn sveitarfélags á óvissutímum eins og nú eru. Á árinu 2009 var reksturinn rýndur og mörg tækifæri til umbóta greind. Mánaðarleg rekstraryfirlit eru nú lögð fram í borgarráði með greiningum og frávikum frá áætlunum og umfjöllunum um viðbrögð. Fjárstýring hefur verið efla og lausafjárstaðan er orðin mjög sterk. Rýning og eftirlit með framkvæmdaáætlunum hefur verið efla. Miðlun upplýsinga

og greining á stöðu fjármála hefur verið aukin og gerð aðgengilegri en nokkru sinni fyrr fyrir kjörna fulltrúa. Reynt hefur verið að skilgreina og meta áhrif af margvíslegum áhættum með sviðsmyndagreiningum til að skoða hvernig möguleg þróun getur orðið og rýna hvernig skynsamlegast er að undirbúa viðbrögð. Unnið hefur verið að sérstakri áhættumatsáætlun vegna Orkuveitunnar eins og ég hef áður nefnt. Starfsmenn, sérfræðingar og stjórnendur eru betur vakandi yfir fjárhagslegum hagsmunum borgarinnar en áður og íbúar hafa fengið tækifæri til að koma með beinum hætti að ákvörðunum um framkvæmdir borgarinnar. Öll þessi vinnubrögð sem Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir styðja við ábyrga og upplýsta fjármálastjórn Reykjavíkurborgar.

Mikilvægast er nú, góðir borgarfulltrúar, að standa vörð um fjárhagslegan styrk borgarinnar, en einnig greina sóknarfærin til lengri tíma og búa í haginn fyrir þau. Þannig liggur fyrir sameiginleg aðgerðaráætlun borgarstjórnar sem hefur lagt grunninn að þeirri fjármálastjórn sem við höfum innleitt hér á undanförunum árum og sóknaráætlun borgarstjórnar á að skapa okkur sýnina, leiðarljósina og hvernig framtíðarborgin okkar á að vera og hvernig við náum þangað.

Ég vil að lokum, forseti, þakka fjármálastjóra, fjármálaskrifstofunni og borgarhagfræðingi, auk þeirra sviðsstjóra sem hafa haldið utan um þetta verkefni af svo mikilli þryði, fyrir vinnu þeirra vegna frumvarps að þriggja ára áætlun og legg til að loknum umræðum í borgarstjórn í dag verði frumvarpinu vísað til síðari umræðu, þar sem spurningum, ábendingum og athugasemdum verður svarað.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Hér er til fyrri umræðu þriggja ára áætlun eða frumvarp að því fyrir rekstur borgarinnar 2011-2013. Ég ætla að koma mér í raun beint að efninu. Ég varð fyrir ákveðnum vonbrigðum varðandi ræðu borgarstjóra í því efni að ekki væri ýtarlegar farið yfir þær forsendur sem að lagðar eru til grundvallar í frumvarpinu, vegna þess að sú breyting hefur í raun orðið á frá fyrri árum, að greinargerð um forsendurnar og efnahagslegt umhverfi eru minni og rýrari heldur en áður og má þar vísa til þeirrar þriggja ára áætlunar sem að Ólafur F. Magnússon borgarstjóri mælti fyrir er var samþykkt 19. febrúar 2008. Þar er bæði gerð ýtarlegri grein fyrir forsendum sem geta skipt miklu máli, eins og til dæmis íbúáþróun, atvinnuleysi, fjölgun íbúða og aukning fermetra atvinnuhúsnaðis, en einnig fyrir þróun og líklegri þróun einstakra málaflokka. Það var hér á árunum áður býsna stór hluti af umfjöllun um þriggja ára áætlun að leggja mat á framkvæmdaþáttinn og það var lögð í það frekar mikil vinna hér í lok síðasta kjörtímabils og í byrjun þessa að reyna að átta sig á afleiddum rekstrarkostnaði.

Nú háttar svo til að einungis er um heildartölur eignasjóðs að ræða í fyrirliggjandi frumvarpi og þess vegna nær engin leið að átta sig á því hvað þar er undir, nema með vísan til stuttra og almennt orðaðra setninga í upphafi áætlunarinnar. Þetta er til vansa og þá er ekki gert lítið úr því, af þeim sem hér stendur, að það er mikil óvissa í loftinu, heldur hefði maður einmitt talið að það væri þeim mun meiri ástæða til þessa að borgarstjórn og borgarbúar gætu glöggvað sig á því sem væri nokkurn veginn haldfast og naglfast í áætluninni til þess að við gætum betur ráðið í óvissuþættina og það á hvað þeir hafa í raun og veru áhrif. Þess vegna hefði ég haldið að í raun fjármálaskrifstofu og ekki síður skrifstofu borgarhagfræðings hefði verið gefið meira rými og kannski lausari taumurinn við að rýna í óvissuna, tefla fram þeim sviðsmyndum sem þróaðar hafa verið þar og útreikningi til þess að takast á við óvissu, sem hafa legið fyrir þar alveg frá því síðasta sumar og væri mikill fengur að fyrir þessa umræðu. Og ég í raun og veru kalla eftir því að milli umræðna verði borgarráði gerð grein fyrir slíkum sviðsmyndagreiningum, mismunandi tekjuspám, áhrif af mismunandi þróun atvinnuleysis, mismunandi þróun íbúáþróunar, mismunandi þróun íbúðafjölda og síðast en ekki síst þeim

öðrum þáttum sem að skipta máli varðandi tekjuþróun til þessara þriggja ára 2011-2013 sem er lunginn af næsta kjörtímabili.

Þetta er ekki síst mikilvægt, vegna þess að nú eru að fara í hönd kosningabarátta til borgarstjórnar og í raun ætti þriggja ára áætlun og umræða um hana að leggja grunn að yfirvegaðri, ábyrgri og málefnalegri kosningabaráttu, þar sem að bæði hugmyndir og fyrirætlanir þeirra framboða sem hyggjast tefla máli sínu fram gagnvart borgarbúum ætti að byggja á vandaðri efnahagslegri greiningu, þannig að ekki yrði til einhvers konar, eigum við að leyfa okkur að kalla það skálkaskjól fyrir innihaldslaus yfirboð eða óábyrgar fjárveitingar í aðdraganda kosninga eða í kosningaloforðunum sjálfum. Þar ættum við að læra af reynslunni, bæði í aðdraganda borgarstjórnarkosninga 1994, þegar keyrt var hér fram úr fjárveitingum ógurlega af hálfu meirihluta sjálfstæðismanna, sem að þá beið ósigur í þeim kosningum. En líka kosningabaráttunnar 2006 þegar gefið var á garðann með gildum loforðum í ýmsum málaflokkum um alla borg, þó að jafnvel þær fjárhagslegu forsendur sem þá voru fyrir hendi í uppsveiflunni væru ekki einu sinni til staðar til þess að þau mætti innleysa. Enda er það því miður sorgarsaga þeirra loforða.

Það má segja að okkur er nokkur vandi á höndum að ræða þessa áætlun, vegna þess að hún er nánast gerð með reglustiku, þar sem að stærðir í fjárhagsáætlun ársins 2010 eru flattar út ógengis- eða verðtengdar og vísað inn í framtíðina og má í raun velta því fyrir sér hvort að áætlun með þessari framsetningu standist þær kröfur sem að Kauphöllin gerir til framlagningar þessarar fjárhagsáætlunar. Og sama má eiginlega segja um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og sveitarstjórnarráðuneytið. Og væri gott að fá svör við þeim spurningum hér við síðari umræðuna.

En það er þó ekki þannig að það séu allar tölur framreiknaðar með reglustiku. Nei, þar er ein afar athyglisverð, mikilvæg en alvarlegt frávik. Sá sem hér stendur fær ekki betur séð, en að í raun stappi því nærri að verið sé að boða framkvæmdastopp í þessari þriggja ára áætlun. Heildar fjárfestingar á vegum Reykjavíkurborgar næstu þrjú árin eiga semsagt að dragast saman um 70% samkvæmt þriggja ára áætluninni og heildar fjárfestingin á þessum þremur árum er samtals 6,6 milljarðar sem er um það bil eða minna heldur en framkvæmt hefur verið á hverju ári að

undanförnu, nokkurs konar meðal ári. Og það kemur raunar býsna skýrt fram í áætluninni að 2008 var raunar framkvæmt, sem líklega hefur verið einhvers konar metár, fyrir 10,3 milljarða, en til samanburðar á lokaári þessarar 2013 að framkvæma fyrir 1,3 milljarða, úr 10,3 í 1,3 milljarð. Þá veur að það líka sérstaka athygli að í þriggja ára áætlun Orkuveitu Reykjavíkur er ekki gert ráð fyrir fjármögnun eða framkvæmdum við Hverahlíðavirkjun, sem góð sátt hefur raunar verið um útfrá umhverfissjónarmiðum.

En væntanlega er skýringanna að leita í því að meirihlutinn hefur keyrt fjárhag fyrirtækisins út á ystu nöf með því að fjórfalda skuldir þess á fjórum árum þrátt fyrir viðvaranir. Mér þykir ljóst að það þurfi að leita nýrra leiða við fjármögnun Hverahlíðavirkjunar ef að hún á að verða að veruleika á þessu árabili yfirhöfuð. En ljóst er að virkjunin er ein af lykilforsendum fyrir orkuöflun til þeirra samninga sem að Orkuveitan er skuldbundin til þess að veita orku samkvæmt. Sumir þeirra eru raunar samningar sem að Samfylkingin hefur ekki stutt, meðal annars með vísun til óvissu um fjármögnun og arðsemi, og má nefna samninginn um álver í Helguvík í því sambandi. Til viðbótar þessu nýframkvæmdastoppi má auðvitað minna á að til viðbótar hefur viðhald fasteigna verið skorið niður nú þegar úr 1323 milljónum árið 2008 í 734 milljónir á yfirstandandi fjárhagsáætlun eða um nær 50%. Og ennþá meiri niðurskurður hefur raunar verið í viðhaldi í umhverfi borgarinnar eða úr 1 milljarði 323 milljónum árið 2008 í 611 milljónir á yfirstandandi ári. Þá eru ótalin sumarstörfin sem fækkar hjá umhverfissviði og framkvæmdasviði auk íþrótt- og tómstundasviðs, en þau voru áætluð um 300 við framlagningu fjárhagsáætlunar, þ.e.a.s. sumarstörfin sem fækkar og þá eru ótalin sumarstörfin sem ekki á að fara í í leikskólunum eða hjá unga fólkinu. En Reykjavík sker sig úr nágrannasveitarfélögum varðandi það að skuldbinda sig ekki til þess að ráða alla sem að sækja um sumurvinnu.

Ég held að það sé brýnt að fá viðbrögð og svör við þessum áherslum hér, því að atvinnumálin og framkvæmdastigið hlýtur að vera okkur mikið umhugsunarefni, eins og staðan er í atvinnumálum landsins og sérstaklega höfuðborgarsvæðisins. Þó ég geri mér ljóst að meirihlutinn hafi hingað til ekki tekið undir fjölmargar tillögur Samfylkingarinnar um aukin viðhaldsverkefni, um endurskoðun framkvæmdaáætlunar, að þá held ég að ég treysti mér til þess að fullyrða að þessi

Bstj. 2. mars 2010

niðurskurður á framkvæmdum með þriggja ára áætlun er miklu stórtækari heldur en við höfum séð í fyrri fjárhagsáætlunum vegna þess að það hafa verið tekin lán til nýframkvæmda á bæði fjárhagsáætlun ársins 2009 og 2010, en hér er á róttækan hátt vikið frá þeirri stefnu.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Örstutt varðandi það sem borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson nefndi bara til þess að leiðrétta það, það er ekki þar fyrir að þessu verður öllu svarað í annarri umræðu, en sumt er ekki hægt að láta einhvern veginn fara hérna út í loftið án þess að svara því. Til dæmis þegar að borgarfulltrúinn heldur því fram og gerir því skóna að frumvarpið, eins og það er lagt fram, standist hugsanlega hvorki skoðun hjá Kauphöllinni eða hjá eftirlitsnefndinni. Þetta er náttúrulega algjörlega úr lausu lofti gripið og það veit borgarfulltrúinn vegna þess að það hefur verið farið yfir það og rætt um það í borgarráði ítrekað, að þetta er leiðin sem öll sveitarfélögin hafa farið og leið sem að hefur verið rædd við sveitarstjórnarráðuneytið. Þannig að dylgja um eitthvað svona er alveg úr lausu lofti gripið og ég taldi rétt að svara því. Frumvarpið stenst auðvitað alla skoðun hvað það varðar. Og meðferð þess og uppsetning er auðvitað unnin í samræmi við það hvernig hin sveitarfélögin vinna þetta í gegnum stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga þar sem borgarfulltrúinn situr nú einmitt, auk þess sem að við erum auðvitað í sambandi við ráðuneytið vegna þessa. Þannig að dylgjur um annað eru bara ósmekklegar.

Og síðan nefnir borgarfulltrúinn það og talar um óábyrg loford og svo framvegis, og talar um að hér sé á ferðinni eitthvert skálkaskjól fyrir kosningar, nú þá eru allir líka samherjar hans í Samfylkingunni víða um land að vinna það þannig. Vegna þess, eins og ég hef ítrekað komið inn á og borgarfulltrúinn veit sem varaformaður eins af flokkunum í landinu, að svona eru öll sveitarfélögin að vinna þetta vegna þess að forsendurnar, til dæmis sem ríkisstjórnin, sem borgarfulltrúinn hlýtur nú að styðja dyggilega, forsendur liggja ekki fyrir frá þeim um áætlanir til framtíðar. Þannig að sveitarfélögin standa öll frammi fyrir því að leggja þetta fram með þessum hætti og ég ítreka það að það er gert í samráði við ráðuneytið. Borgarfulltrúinn aftur og aftur talar eins og Reykjavíkurborg sé ein á báti með þessa áætlun, sé eini aðilinn sem vinnur þetta, ég fullyrði það að ekkert sveitarfélag í landinu vinnur þetta eins nákvæmlega við þessar aðstæður og Reykjavíkurborg gerir.

Bstj. 2. mars 2010

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég skil nú ekki hvers vegna borgarstjóri háttvirtur grípur til þess að tala hér um dylgjur. Vegna þess að hér var verið að spyrja mjög eðlilegra spurninga, bæði um það hvort að þetta uppfylli formkröfu gagnvart Kauphöllinni og ráðuneytinu vegna þess, að eins og fram kom í ræðu borgarstjóra að þá virðist ekki vera gerð nein tilraun til þess að spá fyrir um framtíðina og framtíðarþróun, hvorki tekna né gjalda heldur bara birtur hér einfaldur framreikningur. Og það eru engar dylgjur heldur bara spurning sem á erindi í umræðuna í hvaða skyni þriggja ára áætlun er þá til sem einhvers konar nútímalegt stjórnþæki til þess að reyna að sjá framtíðina fyrir og bregðast við henni í tíma.

Mér finnst augljóst að þriggja ára áætlun sett fram með þessum hætti með þessum einfalda framreikningi er afar ófullkomið tæki svo ekki verði meira sagt og getur verið afar villandi ef það er ekki skýrt bæði í umræðunni hér í þessum sal og fyrir öllum sem að málinu koma, þar með talin Kauphöllin og sveitarstjórnarráðuneyti, að þetta er óttalegt plat. Og eina pólitíska stefnumörkunin sem ég gat fundið í skjalinu var; að í stað þess að halda áfram að taka lán fyrir framkvæmdum, að þá eru þær skornar niður um 70%. Og um það fjallaði ræða mín og ég frábið mér allt tal um dylgjur í því sambandi.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni hæstvirtur borgarstjóri.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég dreg það ekkert til baka. Ég tel það dylgjur þegar að borgarfulltrúinn stendur upp og segir; það er ýmislegt sem bendir til þess að frumvarpið standist ekki og svo framvegis. Þegar að það var búið að ræða málið í borgarráði og var búið að fara nákvæmlega yfir það með hvaða hætti og búið að útskýra það fyrir borgarfulltrúanum að það stæðist þessa skoðun. Og búið að segja það mörgum sinnum í ræðunni minni hér að það sé í fullu samræmi við ráðuneytið. Aftur segir borgarfulltrúinn eitthvað; það verður þá að tala um það við ráðuneytið og gera þetta í góðu samstarfi. Það er gert þannig. Og ef að borgarfulltrúinn telur að ráðuneytið sé með einhverjum hætti að gefa sveitarstjórnunum heimildir til að skila ófullburða frumvörpum, nú þá verður hann að eiga það við sig og eiga það við þau, en við erum að leggja það fram með þessum hætti og teljum að það standist alla skoðun.

Það er hins vegar alveg hárrétt hjá borgarfulltrúanum og ef að borgarfulltrúinn, ég veit ekki hvort að hann hlustaði ekkert á ræðuna mína, en helmingurinn af ræðunni fór í það að útskýra hvers vegna frumvarpið væri lagt fram með þessum hætt. Hvers vegna þetta væri ekki hefðbundin þriggja ára áætlun. Þannig að þegar að borgarfulltrúinn reynir að halda því fram að það sé ekki verið að útskýra það, þá hvet ég hann til þess að lesa ræðuna mína og fara aftur yfir hana, því að ég útskýrði mörgum sinnum hvers vegna byggði á grunni ársins 2010, hvers vegna fælist ekki í því sams konar spá og vanalega, fór vandlega yfir það. Þannig að það er enginn feluleikur í því. Ekkert skálkaskjól í því. Það liggur nákvæmlega fyrir að þannig er það. Vegna þess að við lifum við þannig aðstæður.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Og þá svarar andsvari borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Hér er ekki deilt um það að það sé óvissa í efnahagslífinu. Hér var því einfaldlega haldið fram að vegna óvissunnar væri mjög mikilvægt að leggja fram þó eins trausta áætlun og hægt væri til þess að síðan væri hægt að ræða hvaða þættir skiptu mestu máli. Hvaða þættir hefðu sterkustu áhrif og væru fólgnir í þessari áhættu. Og það er einmitt þess vegna sem að það er mín skoðun, að í raun væri fyllsta tilefni til meiri umfjöllunar um helstu áhættuþætti, tilefni til meiri umfjöllunar um í hverju þessi óvissa væri falin og í hvaða sviðsmyndum, eins og oft er sagt, hún geti birst okkur. Og ég vil bara ítreka það, bæði varðandi borgarráðsfundina sem eru fram að seinni umræðu og fyrir seinni umræðu hér í borgarstjórn, að þá sé afar brýnt að borgarstjórn og þar með borgarbúum sé gerð grein fyrir þessum gögnum, þessum hlutum og þessum undirliggjandi veruleika sem að hefur áhrif á fjármálin þegar til framtíðar er litið og sníður okkur stakk varðandi það hvað hægt er að gera og ekki gera til framtíðar.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að svara andsvari öðru sinni. Og næst tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla ekki að hafa þetta langt hér í dag enda fátt markvert sem kemur fram í frumvarpinu. Frumvarp að þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar á árunum 2011-2013 fjallar í raun og veru ekki um neitt, neitt. Það eru engar pólitískar áherslur sem að má greina í plagginu og engin ný tíðindi koma þar fram. Fjárhagsáætlun ársins 2010 hefur að stærstu leiti verið fjölrítuð fyrir árið 2011, 2012 og 2013. Ástæðan fyrir þessu segir meirihlutinn vera óvissu í efnahagsmálum. Þó er það svo eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, að fyrirbyggjandi eru efnahagsspár sem hægt er að miða við þó vissulega sé óvissa til staðar. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi fari minnkandi á árinu 2011 og einhver fólksfækkun mun eiga sér stað.

Þetta eru lykilatriði við áætlunargerð og hefði verið eðlilegt að meirihluti Borgarstjórnar Reykjavíkur legði á ráðin til að bregðast við. Þannig hefði þriggja ára áætlun átt að endurspeglar pólitískar áherslur, þar sem gert væri ráð fyrir fjármagni til einstakra sviða eða málaflokka til samræmis við þær upplýsingar sem liggja fyrir, en svo er ekki. Litlar sem engar breytingar eru gerðar á milli ára og engin umfjöllun er um sundurliðaðan rekstur a-hlutans sem þó snýst um daglegt líf borgarbúa. Framlög til málaflokka eru sett fram á einni mynd og í raun er allur texti óþarfur þar sem engar breytingar virðast eiga að eiga sér stað á næstu þremur árum. Þriggja ára áætlanir fyrri ára eru mun ýtarlegri og vandaðri að undanskildu árinu í fyrra.

Framlag til velferðarsviðs á sum sé að haldast óbreytt, jafnvel þó ljóst sé að mikil lægð komi til með að einkenna íslenskt efnahagslíf á næstu árum. Ekki er gert ráð fyrir bættri þjónustu við börn á leikskólaaldri og áfram er gert ráð fyrir framlagi til menntasviðs, sem ekki verður séð að standi undir lögbundinni þjónustu. Svona gæti ég haldið lengi áfram, en allt er þetta til marks um skort á pólitískri sýn meirihluta Borgarstjórnar Reykjavíkur. Eitt er að fjölríta tölurnar frá í fyrra, en annað er að sýna ekki hvernig því naumt skammtaða fjármagni sem að þar er til umráða skuli forgangsraðað. Þó framkvæmdir séu sérstaklega tilgreindar í titli frumvarpsins er lítið fjallað um þær í áætluninni sjálfri. Minnst er á

skólamannvirki, mannvirki í Spöng í Grafarvogi, viðhald og endurbætur. Ekkert um tímarammann, ekkert um gatnaframkvæmdir, ekkert um stígagerð. Framkvæmdir fyrir 7,2 milljarða kr. eru settar fram í frumvarpinu og útskýrðar í einni málsgrein. Engar upplýsingar er að finna um þriggja ára áætlun b-hlutans, ekki neitt um Orkuveituna, ekkert um Strætó, ekkert um Sorpu. Samantekinn a- og b-hluti segir því nákvæmlega ekki neitt.

Hvernig eigum við að geta áttað okkur á stöðu Orkuveitu Reykjavíkur og framtíðaráformum út frá þessum pappír eða Strætó, Höfnunum eða öðrum b-hluta fyrirtækjum? Við sem þó eigum að greiða atkvæði um það við afgreiðslu. Og hvað með borgarbúa. Hvað hafa þeir í höndunum til þess að gera sér grein fyrir stefnu borgarinnar í einstökum málaflokkum til lengri tíma?

Forseti, auðvitað ætti þetta ekki að koma á óvart. Þessi þriggja ára áætlun er í raun bara eðlilegt framhald fjárhagsáætlunar borgarinnar, þar sem óútfærðri hagræðingarkröfu var skellt á fagsvið borgarinnar án þess að pólitískar línur væru lagðar svo nokkru nemi. Hagræðingarkröfur sem fulltrúar skólastjóra segja að ekki sé hægt að mæta án þess að fara á svig við lög. Hagræðingarkröfu sem mun gera það að verkum að vart verður slegið gras í Reykjavík næsta sumar og sumarstörfum fækkar um heilan helling. Hagræðingarkröfu sem lengir biðlista eftir leikskólaplássum, en á þessum hlutum ber meirihlutinn enga ábyrgð. Meirihlutinn setti bara fram sakleysislega hagræðingarkröfu.

Meirihlutinn hefur nú sett fram sakleysislega þriggja ára áætlun án forgangsörðunar, án pólitískrar hugmyndafræði og án ábyrgðar. Áfram er haldið á þeirri vafasömu vegferð að fjármál borgarinnar komi bara kjörnum fulltrúum varla við, a.m.k. ekki meirihlutanum og að minnsta kosti ef einhver er ekki sáttur. Það segir sig sjálf að við í minnihlutanum getum ekki staðið að þessu plaggi, ekki endilega vegna þess að þarna séu áherslur sem við getum ekki sætt okkur við eða staðið að, heldur vegna þess að þarna koma engar áherslur fram. Þriggja ára áætlun um rekstur framkvæmdir og fjármál borgarinnar er innihaldsrýrt og engan veginn sannfærandi plagg um stefnumótun borgarinnar til næstu þriggja ára.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er nú kannski ekki miklu við ræðu borgarstjóra að bæta í umfjöllun um þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar sem hér er til umræðu. En þó er rétt að taka fram og fara yfir að sú áætlun sem hér er lögð fram, er náttúrulega lögð fram á grunni ábyrgrar fjármálastjórnar þessa meirihluta síðastliðin tvö ár og ég held að það gefi í raun og veru þessari þriggja ára áætlun meiri vigt heldur en margt annað í plagginu, vegna þess að það eru gríðarlega margir óvissuþættir uppi í íslensku efnahagslífi við þessar aðstæður.

Ef við berum saman árin 2009 og 2010 í rekstri Reykjavíkurborgar annars vegar og í rekstri ríkisins hins vegar að þá hefur Reykjavíkurborg í raun og veru hagrætt í sínum rekstri milli 8 og 9 milljarða á þessum tveimur árum. Þetta höfum við gert með því að hagræða í öllum okkar rekstri. Þessu til viðbótar hefur almennur rekstur borgarinnar heldur ekki fengið neinar verðlagsbætur, þannig að það er óhætt að segja að við séum að tala um 10-11 milljarða kr. hagræðingu í rekstri Reykjavíkurborgar á þessum tveimur árum við afar erfiðar aðstæður. Ef við síðan horfum til þess sem hefur verið að gerast hjá ríkisstjórninni á sama tíma, að þá hafa menn ekki borið gæfu þar til þess að taka á sínum rekstri, sem sagt taprekstur ríkisins fyrir sama tímabil eru á bilinu 30-40 milljarðar. Og ég held að þetta segi í raun og veru mjög mikið um það hvar verið er að taka hlutina föstum tókum og hvar ekki.

Og það var í sjálfu sér ekkert sérstakt markmið okkar hér í meirihlutanum að fara að bera saman rekstur milli ríkis og borgar, en þar sem fulltrúar minnihlutans telja skilaboðin ekki næg og ekki nógu handföst og naglföst, eins og oddviti Samfylkingarinnar orðaði það, þá held ég að það verði ekki hjá því komist að nefna að óvissan í íslenskum efnahagsmálum er kannski ekki síst fyrir þá ríkisstjórn sem við búum við. Og það er í raun og veru stór vandi, ekki bara sveitarfélaganna, Reykjavíkurborgar og almenns atvinnureksturs í landinu, heldur líka heimilanna og allra annarra sem eru að reyna að gera einhverjar langtímaáætlanir.

Og það er vissulega það sem þriggja ára áætlun er, hún er langtímaáætlun, en hún byggir náttúrulega líka á ákveðnum grunni, sem kom ágætlega fram í ræðu borgarstóra. Er meðal annars að forsendur þess að hér ríki áfram stöðugur efnahagur, traust eiginfjárstaða og talsvert mikið handbært fé til þess að mæta þeim áföllum sem upp kunna að koma, kannski í upphafi langrar efnahagskreppu. Ég er ekki að halda því fram hér að svo verði. En í samtölum okkar til dæmis við frændur okkar í Finnlandi að þá fóru þeir í gegnum 7 ára kreppu í 20% atvinnuleysi. Og þegar að maður talar við stjórnámálamenn sem hafa raunverulega lent í slíkum aðstæðum að þá verður ekki hjá því komist að menn líti til þess að slíkt getur hent aðra og komið upp annars staðar, þó að maður voni vissulega að svo verði ekki.

En úr því að fulltrúar minnihlutans í Borgarstjórn Reykjavíkur, sem á sama tíma eru líka fulltrúar ríkisstjórnarinnar við þessar aðstæður, ætla að taka umræðuna um þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar á þessum forsendum, að hér sé ekki allt nógu handfast og naglfast og þetta sé plagg byggt á veikum grunni, að þá verður ekki hjá því komist að nefna það hver raunverulegur munur á rekstri Reykjavíkurborgar er við þessar aðstæður og á ríkisrekstrinum. Og eins og kom fram hér áðan erum við búin að vera að hagræða ef allt er talið milli 10-11 milljarða hjá okkur á meðan að tapið á ríkissjóði er milli 30-40 milljarðar fyrir sama tímabil. Þannig að það eru nú bara tölur sem tala sínu máli.

Reykjavíkurborg er í raun og veru að vinna sína þriggja ára áætlun með svipuðum hætti og sveitarfélögin hér í kringum okkur og þá skiptir það ekki máli hvort að það eru fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks, Samfylkingar eða Vinstri grænna í meirihluta. Þetta er meira og minna unnið samkvæmt sama prógrammi og þess vegna vekur það nokkra furðu að oddvitar Vinstri grænna og Samfylkingarinnar telja að það sé eitthvað minna handfast og naglfast og minna innihald í okkar þriggja ára áætlun heldur en öðrum. Ég held eiginlega þvert á móti að það sé jafnvel meira innihald í þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar heldur en margra annarra sveitarfélaga. Vegna þess að það er ekkert í okkar áætlun þar sem við erum að fegra myndina eða láta þetta líta betur út í sambandi við atvinnuleysistölur og annað slíkt sem vegur mjög mikið í þessum reikningi öllum. Þannig að ég mundi frekar segja að eins og áætlunin er lögð upp af hálfu

fjármálaskrifstofu og borgarhagfræðings að þá séum við frekar að búast við því versta heldur en hitt, og vissulega horfum við til þess að geta unnið okkur út úr þessum vanda.

Oddviti Samfylkingarinnar, Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi, hann talaði um að það hefði verið betra við þessar aðstæður að setja upp margar mismunandi sviðsmyndir af því sem upp kynni að koma. Það eru náttúrulega svona hefðbundin vinnubrögð í fjárhagsáætlun, það gerum við og gerðum fyrir árin 2009 og 2010, sem hjálpaði okkur mikið við það að ná niðurstöðu í því hvaða fjárhagsáætlun við vildum leggja fram og samþykkja, en ég sé ekki að það sé sérstök ástæð til þess að gera það við gerð þriggja ára áætlunar. Við erum með slíkar mismunandi sviðsmyndir sem við leggjum til grundvallar þegar að við fjárhagsáætlun fyrir hvert ár og ég tel að það séu góð vinnubrögð. En ef menn ætla að fara að útfæra slíka greiningu á itarefni og öðru slíku í langtíma áætlunum að þá held ég að menn séu í raun og veru að deyfa bitið á skörpu vopni sem menn eiga að nota við réttar aðstæður.

Nú, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson talaði líka um óábyrgar ákvarðanir fyrir kosningar og fór nú alla leið til ársins 1994 í söguskoðun sinni þar og þar verð ég nú bara að taka undir með borgarfulltrúanum, ég held að það hafi ekki verið Sjálfstæðisflokknum til framdráttar á þeim tíma að fara í mjög stórkallalegar framkvæmdir og kosningaloforð við þær aðstæður, enda er ekkert í þeirri fjárhagsáætlun sem við höfum lagt fram fyrir árið 2010 eða almennt í fjárhagsáætlun borgarinnar sem bendir til neins slíks við þessar aðstæður. Heldur eru allar okkar áherslur í Borgarstjórn Reykjavíkur og þessa meirihluta sem nú starfar að hagræða í rekstri á öllum sviðum samfélagsins, það eru skilaboðin. Og við teljum að ábyrg fjármálastjórn sé besta pólitíkin sem við getum lagt fram fyrir kjósendur við þessar aðstæður. Og það er í raun og veru fjárhagsáætlunin 2010 sem endurspeglar það og það er ekkert annað sem kemur fram í þriggja ára áætlun.

Og ég verð nú að segja að mér fannst borgarfulltrúinn hætta sér, hætta sér út á allþunnan ís í þessum samanburði vegna þess að Samfylkingin hefur í raun og veru einn flokka hér í Borgarstjórn Reykjavíkur gengið lengra heldur en aðrir í því að koma til móts við kröfur einstaklinga og fyrirtækja á hendur Reykjavíkurborg

um endurgreiðslu á lóðum. Meira að segja gengið svo langt að krefjast þess að lóðir sem keyptar voru af þriðja aðila eftir útboð árið 2006, að Reykjavíkurborg borgi slíkar lóðir til baka. Það mundi kosta Reykjavíkurborg mikið að koma til móts við þarfir allra þeirra sem búa við slíkar aðstæður. Og það dæmi sem ég nefni hér er þannig vaxið að Reykjavíkurborg bauð út lóðir árið 2006, sem ákveðinn einstaklingur keypti á hæsta verði á hátindi efnahagsbólunnar, selur það síðan þriðja aðila, ég skal ekki segja til um nákvæmlega hvað verðið þar á milli, en það eru sem sagt viðskipti sem Reykjavíkurborg kemur ekki nálægt.

Núna er sá þriðji aðili með kröfu á hendur Reykjavíkurborg um að Reykjavíkurborg taki við lóðinni, sem viðkomandi keypti af þriðja aðila úti í bæ. Og sveitarstjórnar- og samgönguráðuneytið undir forystu Samfylkingarinnar kemst að þeirri niðurstöðu að beri að greiða og það er náttúrulega alveg með fullkomnum ólíkindum að menn geti komist að þeirri niðurstöðu og algjörlega óábyrgt af fulltrúum minnihlutans við þessar aðstæður að leggja áherslu á það að Reykjavíkurborg mæti þessum kröfum. Það yrði hrikalegt högg fyrir borgarsjóð og alls ekki almannahagsmunir sem þar yrðu hafðir að leiðarljósi, heldur einmitt einkahagsmunir. Og það er það sem við í meirihlutanum erum að gera, við erum í raun og veru að standa vörð um almannahagsmuni í þessu stóra máli.

Oddviti Samfylkingarinnar kom líka inn á framkvæmdamálin í þriggja ára áætlun og talaði um framkvæmdastopp. Ég verð nú að segja sem svo að það er alls ekki hægt að tala um framkvæmdastopp í þriggja ára áætluninni þó að verulega sé dregið úr framkvæmdum. Og við þurfum að horfa til þess að núna við þessar aðstæður, þegar að í raun og veru allir opinberir aðilar eru í framkvæmdastoppi, ríkið, nágrannasveitarfélögin og nánast allir opinberir aðilar, þá er Reykjavíkurborg í framkvæmdum. Reykjavíkurborg og Orkuveitan standa algjörlega upp úr á þessum árum 2009 og 2010 þegar byggingariðnaðurinn þarf mest af öllu á því að halda að hér sé farið í einhverjar nýframkvæmdir og þá standa Reykjavíkurborg og Orkuveitan algjörlega uppúr. Og það munum við gera á þessum tveimur árum.

Hins vegar er það þannig að menn halda ekki endalaust áfram framkvæmdum bara til þess að halda uppi framkvæmdum. Við erum í þessum framkvæmdum vegna þess að þetta eru arðbærar, skynsamlegar fjárfestingar fyrir Reykjavíkurborg.

Þetta eru meðal annars skólar, leikskólar, frístundaheimili, frágangur á hverfum sem við erum að selja lóðir í sem við viljum að líti vel út, þannig að við getum laðað til okkar fólk og fyrirtæki. Þannig að það er ekki þar með sagt að þó að við séum í framkvæmdum núna og höfum verið í þeim á síðasta ári að við höldum endalaust áfram. Við þurfum að koma þessum eignum okkar og fjárfestingum í rekstur og í verð, og það er þess vegna meðal annars sem við erum í framkvæmdunum við þessar aðstæður, enda að mörgu leyti hagstætt fyrir opinbera aðila að framkvæma við þessar aðstæður, vegna þess að verð hafa lækkað á útboðsmörkuðum og þess erum við að njóta við þessar aðstæður.

Og ég held að ég megi segja það að flest allar þær framkvæmdir sem boðnar hafa verið út á vegum Reykjavíkurborgar síðan um mitt ár 2009 hafi verið að fara á milli 65 og 70% af kostnaðaráætlun. Þannig að skilaboð út í samfélagið til opinberra aðila eru þau að það er góður tími til að framkvæma, góður tími til að fjárfesta enda atvinnulífið kallar ríkt á. Þannig að það er alltof mikið sagt að það sé um framkvæmdastopp að ræða, en vissulega erum við að draga úr framkvæmdum á árunum 2011, 2012 og 2013 vegna þess að við erum búin að vera merkisberi verklegra framkvæmda á þeim tíma sem samfélagið þurfti virkilega mest á þeim að halda.

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi nefndi líka niðurskurð í viðhaldi hjá Reykjavíkurborg í þessari þriggja ára áætlun og það er alveg rétt að við höfum verið að skera niður í viðhaldi hjá borginni, við höfum gert það bæði á árunum 2009 og 2010. En við höfum verið að mæta þeim niðurskurði í raun og veru með annars konar aðgerð í framkvæmdum. Við tókum í raun og veru afskrifaðar eignir Reykjavíkurborgar sem er komin mikil viðhaldspörf á og fjármögnum þær sérstaklega og þær fara í staðinn fyrir að fara inn á viðhaldslið hjá borginni þá fara þær inn á stofnkostnaðarlið sem við köllum meiriháttar endurbætur og viðhald, og við fáum til þess sérstakt lánsfjármagn. Þannig að þetta eru í raun og veru eignir sem eru þá eignfærðar upp á nýtt. Þannig að við höfum mætt þessum niðurskurði og hagræðingu í viðhaldi með því að fara í þessar meiriháttar endurbætur og viðhald. Hins vegar er hægt að nefna mjög velheppnað verkefni sem meirihlutinn hefur hrint af stað sem er „Völundarverkið“, þar sem við erum í mjög góðu samstarfi við Vinnuálastofnun, Iðuna, Samtök iðnaðarins og fleiri samtök á

sviði atvinnurekstrar í landinu auk verkalyðsfélaganna, þar sem atvinnulausum iðnaðarmönnum og tæknimönnum er boðin vinna við endurgerð gamalla húsa og það hefur tekist vel. Og annað námskeið í „Völundarverkinu“ er nýlega farið af stað, þannig að það er gott að geta sagt frá því.

Og það er í raun og veru verkefni sem heldur áfram og það er líka verkefni sem er að skila beinum tekjum til borgarsjóðs eftir að verkinu lýkur. Þetta eru ekki fasteignir sem að Reykjavíkurborg kemur til með að eiga áfram og auka hjá sér reksturinn, heldur þvert á móti eru þetta fasteignir sem Reykjavíkurborg ætlar síðan að selja og aðrir aðilar, einkaaðilar koma þar inn í og geta þá rekið sína starfsemi í þessum gömlu fallegu húsum á besta stað í bænum. Þannig að það er gaman og gott að geta sagt frá því og eins líka með aðrar nýframkvæmdir sem eru kannski ekki beint tengdar „Völundarverki“ þó að „Völundarverk“ komi þar lítillaga inní, að það eru framkvæmdir til dæmis á horninu á Lækjargötu og Austurstræti. Þar eru mjög umfangsmiklar framkvæmdir sem Reykjavíkurborg er í sem við gerum náttúrulega ráð fyrir að selja þegar að þær verða að fullu byggðar. Og okkur þótti mikilvægt á þessum mikilvæga stað í miðborg Reykjavíkur, að Reykjavíkurborg hefði í rauninni öll tök á málinu alveg frá upphafi.

Við tókum ákvörðun um skipulagið. Við tókum ákvörðun um uppbygginguna, ytrabyrði húsanna og allt sem snýr að götumynd og ytra útliti. Eftir það, eftir að við sjáum þetta risið og tilbúið eins og við viljum sjá það og hafa hlutina að þá verður þetta selt á almennum markaði. Og ég finn það hjá þeim fáu, sem betur fer nokkrum, sem eitthvað eru að velta fyrir sér fjárfestingum í Reykjavík að þá eru þeir fyrst og fremst að horfa til miðborgarinnar. Þannig að þetta er án efa góð fjárfesting hjá borginni að fara í uppbyggingu í miðborginni með þessum hætti og það mun skila sér til okkar inn í þessari þriggja ára áætlun þegar við náum að losa um þessar eignir.

Eitt enn sem borgarfulltrúi Samfylkingarinnar nefndi og ég kannast nú ekki við, vegna þess að oddvitinn nefndi það að meirihlutinn hefði ekki tekið undir fjölmargar tillögur Samfylkingarinnar um viðhaldsverkefni. Ég verð nú bara að benda oddvitanum á það að Samfylkingin hefur ekki flutt eina einustu tillögu um viðhaldsverkefni aðrar enn þær sem komið hafa fram. Það hefur hins vegar mikið verið talað um eitthvað annað og eitthvað meira og eitthvað öðruvísi heldur en

lagt hefur verið til. En ég fullyrði það hér, að þó að fulltrúi Samfylkingarinnar í framkvæmda- og eignaráði sé ekki stödd á fundinum í dag, að það hafa engar slíkar tillögur komið fram, hvorki í framkvæmda- og eignaráði né í borgarstjórn eða borgarráði. En heilmikið tal um eitthvað annað. Þannig að ég vil bara að það komi fram hér.

En ágæta borgarstjórn, ég vil bara að lokum þakka fyrir þessa umræðu. Það er mikilvægt fyrir meirihlutann í borgarstjórninni að geta lagt fram þriggja ára áætlun við þessar aðstæður, við teljum að hún sé lögð fram með ábyrgum og sanngjörnum hætti við afar erfiðar aðstæður í íslensku samfélagi. Og eins og ég sagði í upphafi míns máls að þá byggir hún á ábyrgri fjármálastjórn þessa meirihluta síðastliðin tvö ár og það er í raun og veru á þeim grunni sem við leggjum þessa þriggja ára áætlun fram.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi og veitir andsvar.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég veit nú ekki alveg hvar maður á að byrja. En ég kem þó fyrst og fremst hér upp til þess að lýsa ákveðinni furðu yfir því að ítrekaðar tillögur Samfylkingarinnar um endurforgangsroðun á allri framkvæmdaáætlun sem margoft hafa verið til umræðu í þessum sal, sem sagt við báðar fjárhagsáætlanirnar og líka þess á milli skuli hafa farið framhjá háttvirtum formanni framkvæmda- og eignaráðs. Vegna þess að þetta hafa ekki einasta verið tillögur sem hafa verið fluttar í þrí- eða fjórgang hér í þessum sölum og hamast inni í framkvæmda- og eignaráði til þess að reyna að ná þessu fram, heldur hefur þessu líka fylgt tillaga um áskorun til alþingis um það að virðisaukaskattur vegna viðhaldsverkefna á vegum sveitarfélaga væri frádráttarbær eins og hjá öðrum og við þessu varð alþingi. Þetta hafa verið tillögur um það að útfært verði hvort að megi tvöfalda magn viðhalds frá því sem var í meðal ári, þannig að viðhald árána 2012, 2013 og 2014 yrðu unnið árið 2009, 2010 og 2011.

Fjöl margar tillögur með öðrum orðum sem að meirihlutinn hefur þverskallast við að taka upp og gera að sínum, því miður fyrir atvinnustigið í borginni og ég held að ég sjái mér þann kost vænstan að þurfa bara að endurflytja þetta hér á næsta fundi borgarstjórnar eða lesa þær upp allar frá orði til orðs, ef að þetta hefur ennþá farið framhjá meirihlutanum og háttvirtum formanni framkvæmda- og eignaráðs.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Fjölmargar ýtarlegar tillögur um ýtarlega endurskoðun það er svona nokkurn veginn á þessum nótum sem andsvar borgarfulltrúans var. Og það er eiginlega nákvæmlega þannig sem umræðan hefur verið um ýtarlega endurskoðun á heilli fjárhagsáætlun, á heilli framkvæmdaáætlun, það er ekkert tiltekið um það hvaða verkefni skuli farið í, en að tefja, tala og drepa málum á dreif. Jú, ég get tekið undir það háttvirtur borgarfulltrúi það hefur verið nóg af slíkum tillögum, en að það sé orðið hryggjarstykkið í málflutningi Samfylkingarinnar í þessari þriggja ára áætlun hér, að það finnst mér með hreinum ólíkindum. Og ég man eftir áskorun Samfylkingarinnar til alþingis um endurgreiðsluna á virðisaukaskattinum, en það er varla tillaga sem átti að koma fram hér í Borgarstjórn Reykjavíkur til Alþingis eða réttara sagt til ríkisstjórnarinnar, þar sem fulltrúar þessara flokka sitja og deila og drottna.

Það er þá að minnsta kosti skrýtin aðferðafræði og einkennilegt samtal og samráð á milli flokka ef umræðan um endurgreiðslu á virðisaukaskatti á að fara fram héðan eða ýtarlegar tillögur um endurskoðun á framkvæmdaáætlun. En ég held að ég og borgarfulltrúinn séum að ná ágætlega saman um þetta. Ég held að það sem borgarfulltrúinn sagði hafi fært sönnur um það sem að ég sagði hér áðan og hélt hér fram áðan, að þessar fjölmörgu tillögur um ýtarlega endurskoðun, umræða um það hefur komið fram, en engar beinar tillögur um það að við ættum að gera hlutina með öðrum hætti heldur en að við höfum gert.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Á að skilja þetta sem bara þannig að það hafi þvælst það fyrir borgarfulltrúanum að skilja að það sé skynsamlegt að taka framkvæmdaáætlunina heildstætt til endurskoðunar. Er það ástæða þess að það hefur ekki verið forgangsraðað í þágu viðhalds. Að það hafi þurft að leiða borgarfulltrúanum eitthvað betur fyrir sjónir að það væri skynsamlegt að gera það heildstætt. Það er alveg rétt að Samfylkingin í borgarstjórn hefur þvælst fyrir ýmsu sem lýtur að viðhaldsverkefnum, það er að segja þvælst fyrir því að þau hafa nú verið skorin niður um 50%, úr 1323 milljónum í 700 milljónir, þegar viðhald fasteigna er annars vegar og 1300 milljónum í 600 milljónir, þegar viðhald utanhúss er annars vegar.

Þetta eru mannaflsfrækustu verkefni og það er rétt að við höfum þvælst fyrir því að þetta hafi verið skorið svona hraustlega við trog og lagt til að leitað yrði leiða til þess að það yrði frekar hægt að flýta fyrirsjáanlegu viðhaldi nokkur ár fram í tímann og vinna það þegar að það er ódýrara. Eins og borgarfulltrúinn benti réttilega á að þá hafa verið að koma inn býsna hagstæð tilboð vegna þess samdráttar sem er á markaðnum. Og það skyldi nú ekki vera að ef að Reykjavíkurborg og meirihlutinn hefðu borið gæfu til þess að líta ekki bara á þetta sem einhvers konar pólitíska skyldu að ýta öllum góðum tillögum um atvinnuskapandi áherslur frá minnihlutanum til hliðar heldur samþykkja þær einfaldlega, þá hefði jafnframt ekki bara skapast miklu fleiri störf, umhverfið og byggingar Reykjavíkurborgar fegrast, heldur hefðum við sparað alveg ógrynni fjár. Alveg ógrynni fjár á að flýta þessu viðhaldi og fara í það á þeim tíma sem að það var hagstæðast.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er bara ekki rétt hjá borgarfulltrúanum að það hafi ekki verið lögð áhersla á viðhaldsframkvæmdir hjá borginni. Við gerðum það eins og ég sagði hér áðan með því að setja þær upp í sérstakan lið í stofnkostnaði – meiriháttar endurbætur og viðhald. Þannig var því mætt. Hins vegar þurftum við að skera niður í viðhaldi, hagræða í viðhaldi eins og alls staðar annars staðar í rekstrinum, þar voru mjög stórir kostnaðarliðir. Og úr því að þetta á að vera eitthvað hártog um það hvað er mannaflsfrek framkvæmd og hvað ekki. Að þá er það þannig að allar þær framkvæmdir sem við erum að fara í eru mannaflsfrekar og við höfum í raun og veru fyrst og fremst forgangsraðað þannig að við stöndum okkur í þeim samningsbundnu verkefnum sem við búum við. Skólarnir, leikskólarnir og önnur sú þjónusta sem við erum að byggja upp. Frágangur í nýjum hverfum þar sem að við getum sagt við íbúa borgarinnar, við erum að standa við okkar samninga gagnvart íbúunum og gagnvart okkar viðsemjendum þrátt fyrir kerfishrun á Íslandi og mikla efnahagserfiðleika. Það eru skilaboðin frá Reykjavíkurborg til samfélagsins. Og hvort að það er þetta viðhaldsverkefni eða hitt sem ráðist verður í, það er í raun og veru algjör útúrsnúningur að setja málið upp með þeim hætti.

Nú er oddviti Samfylkingarinnar búinn að koma hér í tvígang upp til að svara því sem ég nefndi hér í fyrstu ræðu minni um málið, að ég myndi það bara að það hefði ekki komið ein tillaga frá Samfylkingunni um sérstök viðhaldsverkefni. Og ég tek það þannig eftir þessa umræðu hér og eftir þessi andsvör hér, að það sé rétt munað. Vegna þess að í þeim andsvörum sem borgarfulltrúinn hefur komið upp í að þá hefur hann ekki nefnt þau, ekki nema ákall frá þeim sjálfum til sinnar eigin ríkisstjórnar um það að leggja niður eða breyta reglum um virðisaukaskatt á útselda vinnu iðnaðarmanna.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir því að fá að veita stutta athugasemd og forseti fellst á það.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég eiginlega skil ekki hvernig borgarfulltrúinn hefur geð í sér til að þverskallast svona við því að neita að viðurkenna að hér hafa í þrí- eða fjórgang verið lagðar fram tillögur um aukið viðhald fasteigna og ég átta mig á því hvort að borgarfulltrúinn vilji að ég telji upp Austurbæjarskóla og svo framvegis, sem að ég hefði haldið að væri eðlilegt að væri fagvinna sem færi fram á framkvæmda- og eignasviði. Vegna þess að þessar tillögur hafa ítrekað verið fluttar hérna, það hefur ekki verið orðið við þeim heldur hefur borgarfulltrúi þverskallast við að fara í framkvæmdir samkvæmt fjárhagsáætlun – þriggja ára áætlun ársins 2007, en ekki forgangsráða í þágu viðhaldsverkefna, ekki forgangsráða í þágu mannaflsfrekra verkefna. Og ég skal bara endurflytja allar þessar tillögur hérna á næsta borgarstjórnarfundi og lesa þær upp í heild sinni og ef að þetta er eitthvað erfitt að skilja, því að þetta nær einfaldlega til alls viðhalds á fasteignum, sundlaugum, skólum og umhverfinu og svo framvegis.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur óskað eftir því að veita einnig stutta athugasemd og á það er fallist.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Óskar Bergsson: Takk fyrir það forseti. Það er engin ástæða borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson til þess að taka neitt sérstaklega upp neina viðhaldsáætlun fyrir Austurbæjarskóla, því að þú nefndir hann sérstaklega. Vegna þess að Austurbæjarskóli er nýlega búinn að fara í gegnum meiriháttar endurbætur og viðhald, þannig að það er í raun og veru einn af þeim fáu gömlu skólum sem þarf ekki að fara í gegnum slíkt verkefni. Við erum hins vegar hér að rífast um ákveðin svona bókhaldsatriði og munurinn sem liggur í því að vera í meiriháttar endurbótum og viðhaldi eða almennu viðhaldi þar sem að við höfum verið að skera niður er einfaldlega sú, að í meiriháttar endurbótum og viðhaldi getum við tekið gamlar eignir sem eru að fullu afskrifaðar, fjármagnað þær að nýju og hafið viðhaldsframkvæmdirnar með þeim hætti. Það höfum við gert og þannig höfum við mætt þessari kröfu og þess vegna er það úúrnsnúningur af hálfu borgarfulltrúans að halda því fram að við höfum verið að skera niður í viðhaldi. Við höfum verið að hagræða á mörgum sviðum og við höfum tekið þennan viðhalds [óskýrt] sérstaklega fyrir með því að setja hann upp með þeim hætti sem hér hefur verið kynnt.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að veita stutt andsvar. Forseti hann vekur athygli á því að það gengur ekki að stytta ræður sínar ef að það er tilgangurinn með því að skauta framhjá 28. gr. 2. mgr. okkar fundarskapa, sem segir; að ræðumaður skuli ávarpa einstaka borgarfulltrúa með fullu nafni. Í þeirri umræðu andsvara og svara sem að fram fór hér rétt áðan, þá ávörpuðu þeir hvern annan borgarfulltrúarnir Dagur B. Eggertsson og borgarfulltrúi Óskar Bergsson 15 eða 16 sinnum sem borgarfulltrúi. Mig minnir að hér í síðustu ræðunni þá hafi Óskar Bergsson borgarfulltrúi ávarpað þann sem að hann var að ávarpa með fullu nafni. Ég vil biðja borgarfulltrúa ekki eingöngu þá tvo sem hér töluðu um að kynna sér þessa grein 28. gr. fundarskapa og reyna að fara eftir henni af fremsta megni, af fremsta megin. En næst tekur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil kannski í upphafi þessa máls sérstaklega þakka borgarstjóra fyrir inngangsorð hennar, þar sem hún rifjaði upp þvílíka feiknalega vinnu þarf að leggja í undirbúning þriggja ára áætlunar borgarinnar. Og ég minnst þess bæði með þakklæti og virðingu hvað embættismenn borgarinnar lögðu sig fram um að aðstoða mig sem borgarstjóra á fyrstu dögum mínum í embætti og þá á ég sérstaklega við fjármálastjóran okkar Birgir Björn, Halldóru og þeirra fólk, ásamt borgarhagfræðingi Sigurði Snævarr sem lögðu nánast nótt við dag í að hjálpa til við að gera þriggja ára áætlunina fullbúna. Og ég fékk ákaflega góð ráð frá þessum embættismönnum og þau snérust ekki síst um það að forðast eins og hægt væri lántökur á þeim óvissu tímum sem þá þegar voru uppi meira en hálfu ári fyrir hrun. Það voru nefnilega ýmsir hagfræðingar og ýmsir ábyrgir aðilar sem vinna í hinum opinbera geira og innan fjármálakerfisins sem gerðu sér grein fyrir því þegar í upphafi árs 2008 að það fyllerí sem stóð yfir hjá þjóðinni í fjárfestingum og alls kyns sýndarmennskutilburðum hlyti að taka enda. Það væru erfiðleikar framundan.

Og ég vil þakka aftur fyrir þau geysilega góðu ráð sem ég fékk sem borgarstjóri við þessa vinnu á sínum tíma fyrir tveimur árum, en minni líka á það enn og einu sinni að það var ekkert hlustað á það hér í sölum borgarstjórnar að það þyrfti að fara varlega í lántökur og draga svolítið úr því loforðamagni sem hafði tekið á sig mynd við meirihlutamyndun Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hér í byrjun þessa kjörtímabils. Það er dýrt fyrir hvaða flokk sem er hvort sem það eru vinstri flokkarnir innan R-listans eða Sjálfstæðisflokkinn að fara í samstarf við Framsóknarflokkinn. Það kostar drjúgan skildinginn fyrir sjóði borgarbúa, gríðarlega dýr milljarða fyrirgreiðsluverkefni.

Sem lítið dæmi get ég bara nefnt, að maður stóð ráðþrota frammi fyrir því við undirbúning þriggja ára áætlunar árið 2008, hér fyrir tveimur árum, hvað það var búið að lofa gríðarlega miklu í íþróttamannvirkjaframkvæmdir. Hið besta mál í sjálfu sér en það var bara ekki til neinn peningur fyrir þessu. Það var búið að lofa langt umfram efni og ég hef alltaf lítið svo á að þetta hafi verið loforð sem voru sett fram til að hægt væri að mynda meirihluta með borgarfulltrúa

Framsóknarflokksins, sem var nú mjög dýr í öllum rekstri og öllum umbúnaði og kröfuharður í fjárveitingum. Eins og arftaki hans hefur raunar orðið líka, þó að það slái fáir þann borgarfulltrúa út sem sat hér fyrst í kjörtímabilinu fyrir Framsóknarflokkinn í sukki og fyrirgreiðslupólitík.

En ég vil líka rifja það upp, að á þessum fundi hér fyrir tveimur árum, þá kom þáverandi borgarfulltrúi flokksins Óskar Bergsson, sem var nýtekinn við af fráfarandi borgarfulltrúa Birni Inga Hrafnssyni og mótmælti harðlega þeim orðum sem ég hafði eftir embættismönnum borgarinnar, Birgi Birni og hans mönnum úr fjármáladeild að það bæri að fara varlega í lántökur og borgarfulltrúi Óskar Bergsson lagði á það áherslu að við hefðum tekið lán til að halda uppi framkvæmdamagni í borginni. Sem sagt gefið í í 2007-fyllerínu. Það var ekkert annað sem þessar tillögur borgarfulltrúa Framsóknarflokksins fólu í sér. Gefa í í fjárfestingafyllerínu sem var þá þegar að sliga þessa þjóð og með hörmulegum afleiðingum hálfu ári síðar. Og síðan er hægt að yfirfæra þetta á það sem hefur verið alltof lítið rætt hér í dag en verður rætt nánar á þessum fundi síðar, þær ótrúlegu fyrirhyggjulausu lántökur sem við stundum í þágu Orkuveitu Reykjavíkur. Fjárfesting sem er svo sannarlega ekki til framtíðar, því hún byggist á því að helst að klára að þurrka upp okkar óendalega dýrmætu hitavatnsauðlind sem er hér allt í kringum höfuðborgarsvæðið og helst að klára hana áður en næsta kynslóð tekur við, til að geta þjónað erlendum auðhringjum og álverum. Selja orkuna sem er nýtt með ósjálfbærum hætti, alltof hratt og óvarlega á hana gengið. Selja hana á undirpris til erlendra álfursta.

Og enn og aftur þá var verið að ræða hér og það kom fram í ræðu borgarstjóra að það væru gríðarlegir erfiðleikar í fjármálum Orkuveitu Reykjavíkur sem er náttúrulega þýðingarmesta fyrirtæki borgarinnar og hefur verið helsta mjólkurkúr borgarbúa varðandi það að geta tryggt undirstöður atvinnuveganna og orku til borgarbúa. En þessi auðlind hún er í mikilli hættu sem orkuveitan og orkulindirnar hér eru og það verður aldrei of varlega farið í þeim efnum og ég ítreka það í umræðunni hér á eftir um Orkuveituna og orkulindirnar að við eigum að stíga hægt um gleðinnar dyr og halda að okkur höndum í framkvæmdum uppi á Hellisheiði og minnst orða Jóhannesar Zoëga um það þegar að lagt var upp í Nesjavallavirkjunina á sínum tíma, að þetta er ekki óendanleg orkulind, heita

vatnið í kringum höfuðborgarsvæðið. Þetta er dýrmæt auðlind sem getur skyndilega einn góðan veðurdag verið horfin úr höndunum á okkur ef fyrirhyggjuleysið og græðgin verður jafn allsráðandi og hefur verið hér á undanförunum árum. Og menn eru ekki enn vaknaðir til vitundar um þetta hér í þessum meirihluta í borgarstjórn. Þannig að við munum taka þetta upp aftur á eftir.

Og ég kem þá líka að forgangsroðun sem skiptir miklu máli í þessari umræðu um fjárhag borgarinnar og þriggja ára áætlunina og það er sú glórulausa forgangsroðun sem felst í því að hafa ekki haft kjark til þess að nánast stöðva framkvæmdir við tónlistar- og ráðstefnuhús og setja þá 24 milljarða sem fara í raun og veru í þessa framkvæmd meira og minna þegar upp er staðið úr vasa almennings. Setja það frekar í skólakerfið, í velferðarkerfið, í fjölda starfa í borginni. Við gætum endurbyggt upp alla gömlu borgina fyrir þessa peninga margfalt, stóreflt ferðamannaþjónustu, stóraukið fræðslu og umgengni við útivistarsvæðin okkar. Enda vitum við það öll að fræðsla er besta forvörmin í umhverfismálum.

Því að ég hef kynnst því mjög rækilega á undanförunum árum, allt frá því árið 1999 þegar ég flutti hér tillögu til varnar óendanlegri náttúruferlu austur á landi, að þá var sagt hér í þessum sal, að svona umræða ætti ekkert að eiga heima hér í borgarstjórnarsölum, það væri málefni Alþingis hvernig við Reykvíkingar, sem þó áttum 45% í Landsvirkjun, þá var málefnið Alþingis hvernig hlutunum væri ráðstafað. En það er einmitt fyrir utan mistökin í Orkuveitunni þá er náttúrulega fjárfestingaslys Landsvirkjunar líka að plaga Reykvíkinga eins og landsmenn alla. Fyrirhyggjuleysi, græðgi, óheiðarleiki, þetta hefur einkennt orkumálin hér undanfarinn áratug og alls staðar horfum við upp á hvað hagsmunatengslin eru yfirþyrmandi og óviðunandi. Og nú síðast kom það í ljós að nýr forstjóri Landsvirkjunar er tengdur hagsmunum varðandi það að reyna að koma orkufyrirtækjum landsmanna í eigu einkaaðila, hvílíkur óþverri, hvílíkur óþverri.

Ég segi aftur að ég vara við því að forgangsroðunin sé með þeim hætti að við séum að fara út í óarðbærustu og hættulegustu framkvæmd sem hægt er að gera nú á þessum tíma, sem er að ganga enn harkalegar inn á jafnvel varaforða orkulindanna hér í kringum höfuðborgarsvæðið. Þar með verður það ekki

Bstj. 2. mars 2010

tekjulind eða nauðsynlegur bakhjarl vellíðunnar borgarbúa í heitum húsum og með góða orku til að byggja upp atvinnulíf og mannlíf hér í borginni, ef menn sjá ekki að sér. Þannig að ég ítreka enn og aftur, alveg eins og ég fékk ráð um þegar að ég tók við sem borgarstjóri og hlustaði á fjármálastjóran okkar og okkar góðu ráðgjafa hér, förum varlega í lántökur, förum varlega í framkvæmdir, ráðumst frekar í atvinnuskapandi verkefni sem kosta litla peninga, en skapa fleiri störf. Margfalt fleiri arðbær störf en til dæmis störf við tónlistar- og ráðstefnuhúsið eða tapreksturinn og sukkið á Hellisheiði.

Forseti: Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; fyrri umræða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil einungis hérna í lok umræðunnar þakka fyrir þá umræðu sem farið hefur fram hér í dag í fyrri umræðu um frumvarpið fyrir árin 2011-2013. Ég þarf svo sem ekki að ítreka það sem að ég sagði hér í umræðunni áðan, en auðvitað er þetta frumvarp eins og allir hafa komið inn á með öðrum hætti og öðru sniði heldur en hefð er fyrir og er reyndar sama fyrirkomulag og var viðhaft hér á síðasta ári. Ég tel að frumvarpið gefi eins glögga mynd af stöðu næstu þriggja ára og hægt er að búa við við þessar aðstæður og legg til að með þeim orðum verði frumvarpinu vísað til seinni umræðu á vettvangi borgarstjórnar eftir hálfan mánuð.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Umræðunni er lokið. Það er lagt til að þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar verði vísað til annarrar umræðu á næsta fundi borgarstjórnar. Þeir sem að samþykkja það gefi merki. Ég bið borgarfulltrúa um að endurtaka atkvæðagreiðsluna. Nú eru allir borgarfulltrúar mætti í sal borgarstjórnar. Þeir sem að samþykkja að vísa þriggja ára áætluninni til annarrar umræðu á næsta fundi gefi merki. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Þá er tekið fyrir næsta mál á dagskrá sem er; umræða um fyrirhugaðan flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga (að beiðni borgarfulltrúa allra framboðslista), það stendur hér – gott og vel. Það er Jórunn Frímannsdóttir borgarfulltrúi sem tekur til máls.